

Fulltrúaráðsfundur Kelduskóla, haldinn 3. desember 2012 í Korpu.

Inga Dóra Hrólfsdóttir formaður Foreldrafélags Kelduskóla setti fundinn kl.20:05. Hún sagði frá stofnun nýs Foreldrafélags Kelduskóla, en samtímis voru foreldrafélög Víkurskóla og Korpuskóla lögð niður. Fjármagn gömlu félagana var ráðstafað á þann hátt að hluti þess eða sem svaraði 1000 kr. per barn frá hverri starfsstöð, var lagður í nýja félagið en afgangnum á hvorum stað verður ráðstafað þannig að hann nýtist börnum þeirrar starfsstöðvar.

Farið var yfir hlutverk bekkjarfulltrúa sem felst í því að í upphafi skólaárs raði þeir foreldrum allra barnanna í bekknum niður á þá atburði sem Foreldrafélagið stendur fyrir ásamt tveimur bekkjarkvöldum. Þannig hafa allir foreldrar tækifæri til að koma að starfi félagsins.

Næsti atburður á vegum félagsins er Jólagangan sem verður fimmtudaginn 13. des., síðan er páskabingó og vorfagnaður í maí.

Farið var yfir skipulag foreldrarölsins, haldið verður áfram með sama form og verið hefur, þar sem hver bekkur fær útteilt ákveðnum helgum og bekkjarfulltrúar raða foreldrum niður á þær. Í stað þess að skrifa í bók eins og verið hefur eru röltarar beðnir um að senda örfáar línur til röltstjóra Kristínu J. Valsdóttur kristinv@hafro.is þar sem kemur fram hversu margir röltu og hvernig röltið gekk fyrir sig. Stendur síðan til að setja þetta inná heimasíðuna öllum til upplýsingar.

Að lokum sagði Árný Inga, skólastjóri nokkur orð um starf bekkjarfulltrúa eða fulltrúaráðs.

Fulltrúaráð Kelduskóla er skipað bekkjarfulltrúum úr öllum umsjónarhópum og tekur þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Foreldrafélags Kelduskóla í samstarfi við stjórn Foreldrafélagsins.

Bekkarfulltrúar hvers aldurshóps hafa það hlutverk að efla nemendahópinn félagslega, skipuleggja viðburði með þátttöku foreldra og nemenda. Einnig skipuleggja þeir að minnsta kosti eitt bekkjarkvöld á skólaárinu í samstarfi við umsjónarkennara. Bekkarstarfið stuðlar að góðu félagslegu neti utan um nemendahópinn og er mikilvægur liður í forvarnarstarfi. Þetta á við alla aldurshópa. Skólaráð er skólastjóra til ráðuneytis og gefur umsagnir um áætlanir er varða skólastarfið það er mikilvægt að skólaráðið og skólastjóri geti leitað eftir viðhorfum foreldra og er eðlilegt að leitað sé til fulltrúarráðsins í því sambandi.

Skólastjóri sér fulltrúarráðið sem góðan samstarfsaðila við stefnumótunarstarf Kelduskóla og hyggst leita til þess á vorönn þegar ákveðið verður hvaða agakerfi á að taka upp og innleiða í Kelduskóla 2013. Með virku fulltrúarráði er hægt að byggja upp lýðræðislegt og jákvætt skólasamfélag Kelduskóla nemendum til hagsbóta.

Fundi slitið kl.20:55